

Reykjavík, nóvember 2016

Bæjarskrifstofur Akraness,
b.t. félagsmálastjóra,
Stillholti 16-18,
300 Akranesi

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
311	Gjó	15 NOV. 2016
Ábm.	Urv. aðili	Málsnr. One
SK	SAS	1611 092

Umsókn um rekstrarstyrk til Kvennaathvarfsins fyrir árið 2017

Kvennaathvarfið óskar eftir rekstrarstyrk fyrir komandi starfsár að fjárhæð **kr.350.000,-** Styrkir frá sveitafélögum hafa hjálpað mikið við að aðstoða konur og börn sem sækja hingað í skjól, ráðgjöf eða aðra þjónustu.

Kvennaathvarfið er sem fyrr skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Hér er einnig boðið uppá viðtöl þar sem konur sem beittar hafa verið ofbeldi á heimilum er veittur stuðningur og ráðgjöf án þess að til dvalar komi. Kvennaathvarfið er líka neyðarathvarf fyrir konur sem grunur leikur á að séu fórnarlömb mansals.

Hér er líka veitt símaráðgjöf allan sólarhringinn og boðið uppá sjálfshjálparhópa þar sem nokkrar konur hittast reglulega undir handleiðslu starfskonu Kvennaathvarfsins. Ennfremur er staðið fyrir öflugum forvarnarstarfi og fræðslu um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis m.a. fyrir skólafólk, fagfólk, félagsamtök sem og fyrir ættingja og aðra ástvini kvenna og barna sem hingað hafa leitað.

Til að geta haldið áfram að styðja vel við bakið á þeim sem hér fá þjónustu leitum við til ykkar og vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum.

Ársskýrslu Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins (kvennaathvarf.is)

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er undirrituð reiðubúin að veita þær.

Með góðri kveðju,

F.h. Samtaka um kvennaathvarf,
Margrét Marteinsdóttir, rekstrarstýra